





Reykjavík, 5. maí 2026
USK26030410

Varðar: Bústaðavegur 18 – Dælustöð í Öskjuhlíð – umsókn um framkvæmdaleyfi

Lögð fram umsókn Veitna ohf., dags. 24. mars 2026, um framkvæmdaleyfi að Bústaðavegi 18 til að leggja foreinangraða hitaveitupípu, sem tengist milli inntaks stöðvarinnar og inn á tvær pípur í stökk sem liggur frá stöðinni. Gengið verður frá stökknum og stokksenda fyrir ofan dælustöðina með frárennslisröri í fráveitukerfi. Framhjáhlaupið tengist í stökk fyrir neðan dælustöð. Saga þarf hitaveitustokka og steypa svo aftur upp stokkenda til að fullgera framhjáhlaupið. Yfirborðsfrágangur verður með sama hætti og áður, engin útlitsbreyting verður á stökknum eða dælustöð. Áætlaður framkvæmdatími er frá 12. maí 2026 til ágústloka 2026, en yfirborðsfrágangur í september 2026. Einnig er lagt fram teikningasett Verkís.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Loftmynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag:

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu er dælustöðin á lóðinni við Bústaðaveg 18 á opnu svæði í borgargarðinum Öskjuhlíð. Í landnotkunarskilgreiningum aðalskipulags kemur m.a. fram að í Öskjuhlíð sé gert ráð fyrir útivistariðkun og fjölbreytti mannvirkjagerð af ýmsum toga sem tengist nýtingu og þjónustu svæðanna til útiveru, afþreyingar og leikja og almennrar frístundiðkunar. Einnig má gera ráð fyrir veitingaaðstöðu og veitumannvirkjum.

Í viðauka 10 við Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 er fjallað um veitur og vatnsvernd í tengslum við forsendur í skipulagi. Um veitur segir m.a.:

Veitur ohf. (dótturfyrirtæki Orkuveitur Reykjavíkur) sjá um rekstur stofn- og dreifikerfis rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu í Reykjavík og að hluta til í öðrum sveitafélögum á höfuðborgarsvæðinu. Sem hluta af þeim rekstri þurfa Veitur að tryggja þjónustu við notendur með nauðsynlegu viðhaldi og endurnýjun veitukerfanna, þ.e. lagna og strengja neðanjarðar og mannvirkja svo sem dreifistöðva rafmagns, safntanka, dælustöðva og hreinsistöðva vatnsmiðla.

Deiliskipulag:

Í gildi er deiliskipulag fyrir Öskjuhlíð, samþykkt í borgarráði 12. febrúar 1999, með síðari breytingum. Breyting var gerð á skipulaginu, samþykkt í skipulagsráði 8. nóvember



2006, þar sem skilgreind voru lóðamörk fyrir dæluhús við Bústaðaveg 18 og kvöð um aðkomu að dæluhúsinu um lóðina Bústaðaveg 20 (bensínstöðvarlóð).

Í deiliskipulagi Öskjuhlíðar er landsvæðið flokkað og skipt upp í mismunandi landslagsheildir og deilissvæði þeirra, þ.e. einsleit svæði afmörkuð út frá sameiginlegum einkennum í náttúruferi, landslagi og landnotkun. Dælustöðin við Bústaðaveg 18 er innan svæðis sem kallað er B1-Norðurhlíð. Verndargildi náttúru- og söguminja innan svæðisins eru metnar með miðlungsmikið gildi. Í greinargerð með deiliskipulaginu eru engar náttúru- eða söguminjar skráðar í næsta nágrenni dælustöðvarinnar eða innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis sem nú er sótt um leyfi fyrir. Borgarsögusafn Reykjavíkur vann auk þess árið 2020 fornleifakönnun vegna lagningar nýs göngustígs í Öskjuhlíð sem tengist lóð dælustöðvarinnar til vesturs. Úttektarsvæði könnunarinnar náði inn á lóð dælustöðvarinnar og fyrirhugað framkvæmdasvæði en engar minjar eru skráðar innan lóðarinnar eða framkvæmdasvæðisins.


Lýsing á framkvæmd og framkvæmdaáætlun

Leggja á u.þ.b 66 m af DN 600/ø800 framhjálaup framhjá dælustöðinni í Öskjuhlíð. Um er að ræða um 70 m af DN 600/ø800, foreinangraða hitaveitupípu, sem tengist milli inntaks stöðvarinnar og inn á tvær DN 400 pípur í stökk sem liggja frá stöðinni. Ganga skal frá stöknum og stökksenda fyrir ofan dælustöðina með frárennslisröri í fráveitukerfi. Framhjálaupið tengist í tvær DN 400 pípur í stökk fyrir neðan dælustöð. Saga þarf hitaveitustokka og steypa svo aftur upp stökkena til að fullgera framhjálaupið. Yfirborðsfrágangur verður með sama hætti og sem áður var, enginn útlitsbreyting er á stöknum eða dælustöð.

Yfirborð verður rofið um miðjan maí, unnið verður að tengingu og suðu lagna seinni hluta ágúst og yfirborðsfrágangur unnin í kjölfarið út september.

Umsögn

Fyrirhugað framkvæmdasvæði vegna framhjálaups framhjá dælustöðinni við Bústaðaveg 18 er að miklu leyti innan lóðar dælustöðvarinnar en nær einnig út fyrir lóðamörkin til suðurs og norður, sbr. teikningu frá Verkís. Um er að ræða svæði sem að mestu hefur þegar verið raskað við byggingu dælustöðvarinnar og stígagerð á svæðinu.





Borgargarðurinn Öskjuhlíð er mikilvægt og vinsælt útivistarsvæði en vegna framkvæmdarinnar þarf að setja hindrunarslár (908F) norðan, vestan og sunnan við framkvæmdasvæðið sem hefur áhrif á aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda um norðurhlíð Öskjuhlíðar. Hindrunarslár eru þó ekki á skilgreindum stofnstígum og í gögnum framkvæmdaleyfisumsóknar er gerð grein fyrir hvernig hjáleiðir verða merktar með skiltum. Framkvæmdin hefur því ekki umtalsverð áhrif á aðgengi eða umferð gangandi og hjólandi vegfarenda á framkvæmdatímanum.

Lögð er áhersla á að virtar séu allar reglur og leiðbeiningar um vinnutíma, merkingar, hávaða og rask við svæðið þannig að framkvæmdin valdi sem minnstu raski. Einnig skal tryggja að vinnusvæði sé snyrtilegt.

Jafnframt er gerð krafa um að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum, sem og ef framkvæmdir stöðvast yfir lengri tíma í miðju verki. Í umsókn um framkvæmdaleyfi kemur fram að gengið verði frá yfirborði með sama hætti og var fyrir framkvæmdir og gerir skipulagsfulltrúi kröfu um að svo verði og að ítrekar að ekki sé heimilt að fella tré án samráðs við yfirverkstjóra borgarskóga á umhverfis- og skipulagssviði.

Framkvæmdaleyfið er gefið út frá 12. maí 2026 til 30. september 2026 til samræmis við framkvæmdaáætlun. Framkvæmdum skal lokið innan tilgreinds tíma en ef framkvæmd fer yfir áætlaða framkvæmdaáætlun skal sækja um endurnýjun framkvæmdaleyfis. Bent er á að skv. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi fellur leyfið úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess.

Niðurstaða

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við að gefið verði út framkvæmdaleyfi fyrir umræddri framkvæmd í samræmi við meðfylgjandi gögn.

Framkvæmdaleyfið er háð eftirfarandi skilyrðum:

- Mikilvægt er að framkvæmdaaðili, verktakar og starfsmenn séu upplýstir um umhverfismál vegna framkvæmdarinnar og að leitað verði allra leiða til að lágmarka umhverfisáhrif bæði í tíma og rúmi. Gera skal verkáætlun um viðbrögð ef upp koma atvik eða óhöpp sem ógna geti lífríkinu (t.d. olíuleki). Frávik skulu skráð.
- Þar sem leyfishafi þarf að nýta borgarland við framkvæmdina, t.d. með því að setja upp girðingar, merkingar, tæki o.fl., skal framkvæmdaleyfishafi afla afnotaleyfis af borgarlandi hjá umhverfis- og skipulagssviði. Jafnframt er farið fram á að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum sem og ef framkvæmdir stöðvast yfir lengri tíma í miðju verki.
- Framkvæmdatíma skal lokið innan tilgreinds tíma og er minnt á að framkvæmdaleyfið fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess, sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.
- Finnist áður óþekktar minjar við framkvæmdirnar skal skv. 24. gr. laga um menningarminjar stöðva framkvæmdir án tafar og skýra Minjastofnun frá fundinum svo fljótt sem unnt er.
- Tryggja skal skýrar merkingar um öruggar hjáleiðir fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur á framkvæmdatíma, sbr. áætlun þar um í teikningasetti Verkís.
- Ekki er heimilt að fella tré án samráðs við yfirverkstjóra borgarskóga á umhverfis- og skipulagssviði.





f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Ólafur Ingibergsson

verkefnastjóri



Reykjavík